

Skútustaðahreppur

Leikskólinn Ylur – reglur um innritun

Samkvæmt 26gr laga um leikskóla (90/2008) er sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, enda njóti viðkomandi leikskóli framlags úr sveitarsjóði. Þessar reglur eru annars vegar settar með tilliti til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins.

1. Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að það hafi náð tólf mánaða aldri og sé með lögheimili í Skútustaðahrepp. Farið er eftir búsetu forráðamanna samkvæmt þjóðskrá. Foreldrar sem hyggjast flytja til Skútustaðahrepps geta sótt um leikskóladvöl en geta aðeins fengið úthlutað leikskóladvöl þegar lögheimili hefur verið flutt.
2. Sótt er um leikskóladvöl hjá leikskólastjóra. Sækja má um leikskólavist allt árið en miðað er við að umsóknir um skólavist að hausti þurfi að berast fyrir 1. maí ár hvert. Þeir sem sækja um leikskólavist eftir 1. maí geta ekki reiknað með að fá leikskólapláss fyrir en ári seinna. Þetta á jafnt við um forgangshópa sem og aðra. Umsóknir raðast á biðlista eftir kennitölum barna, þau elstu fyrst. Innritun er alfarið í höndum leikskólastjóra þar sem aðstæður í leikskólanum ráða því hvenær leikskólaganga getur hafist.
3. Börn fá leikskólavist að jafnaði á tímabilinu júní til september vegna leikskólarýma sem losna þegar börn hætta vegna aldurs. Aðrar úthlutanir fara fram jöfnum höndum allt skólaárið þegar rými losna vegna flutninga eða annarra ástæðna. Öllum umsóknum er svarað í byrjun júní með tölvupósti og símtali og óskað eftir staðfestingu innan tveggja vikna. Hafni forráðamenn leikskólaplássí færast umsóknin aftast á biðlista.
4. Skútustaðahreppur áskilur sér rétt til að forgangsraða börnum í leikskóla þegar taka þarf tillit til aðstæðna barna og foreldra og eða til aðstæðna í leikskólanum (Lög um leikskóla, 90/2008 26. gr). Sækja má um forgang í leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Umsóknum um forgang skal skilað á þar til gerðu eyðublaði. Börn í forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

Sækja má um forgang vegna:

- ✓ Barna með sérþarfir. Greining þarf að vera fyrirbyggjandi frá viðurkenndum greiningaraðilum s.s. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sálfræðingum og barnalæknum.
- ✓ Barna sem eru orðin 4-5 ára.
- ✓ Barna einstæðra foreldra.
- ✓ Barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður.

5. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við fyrsta eða fimmtánda dag hvers mánaðar. Uppsögn þarf að berast með skriflegum hætti til leikskólastjóra. Skuldi foreldrar þrjá mánuði er barninu sagt upp leikskóladvöl.

6. Opnunartími leikskólans í Skútustaðahreppi er samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar hverju sinni.

Hægt er að sækja um breytingar á dvalartíma og skal ósk þar um berast til leikskólastjóra fyrir 15. hvers mánaðar. Þegar unnt er að verða við breytingu tilkynnir leikskólastjóri forráðamönnum það eins fljótt og auðið er. Breytingar miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og skulu gilda eigi skemur en þrjá mánuði.

Mælst er til að hámarks dvalartími barns í leikskóla sé 8 klukkustundir á dag. Dvalarsamningur skal gerður fyrir hvert barn þegar það hefur leikskólagöngu.

7. Gjald fyrir leikskóladvöl barna er í samræmi við gildandi gjaldskrá hverju sinni. Þar má að auki sjá reglur varðandi frítöku og veikindi.